

Viðbótargögn vegna umsóknar

Laxa fiskeldis ehf. um starfsleyfi

sbr. kröfur í 10. grein reglugerðar nr. 785/1999,
um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun

10.1 *Umsókn um starfsleyfi skal senda hlutaðeigandi útgefanda. Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um atvinnureksturinn eins og krafist er í reglugerð þessari og öðrum reglum sem gilda um viðkomandi atvinnurekstur. Þetta ákvæði er uppfyllt.*

10.2 *Umsóknum skal fylgja eins og við á hverju sinni:*

a. lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á og uppdrættir af staðsetningu,

Á blaðsíðu 1 í umsókn kemur fram að um er að ræða 6.000 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Reyðarfirði. Jafnframt má finna á blaðsíðu 3 hnit framkvæmdasvæða í firðinum. Auk þess má finna á bls 4 og 5 sjókort frá Landhelgisgæslu, sjómælingasviði, sem sýna nákvæma staðsetningu eldissvæða í firðinum og siglingaleiðir.

b. afrit af staðfestu deiliskipulagi. –

Framkvæmd er utan netlaga og svæðið því ekki deiliskipulagt. Hins vegar er á blaðsíðu 22 í umsókn vísað til samþykkt aðalskipulags á svæðinu þar sem segir: „Í fjörðum Fjarðabyggðar eru góðar aðstæður til fiskeldis sem bjóða upp á frekari möguleika en nú eru nýttir. Laxeldi og þorskeldi hefur verið stundað í Mjóafirði um skeið, eldi á þorski og hlýra hefur verið á Norðfirði og þorskeldi í Stöðvarfirði. Auk þessarar starfsemi hafa verið metin umhverfisáhrif fiskeldis í Reyðarfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði sem ekki hefur verið hafin . . . Náttúrulegar aðstæður sem henta vel til fiskeldis, þekking og reynsla heimamanna og möguleg jákvæð áhrif á atvinnulíf, mæla með því að í aðalskipulagi Fjarðabyggðar verði gert ráð fyrir vexti fiskeldis á svæðinu þó svo óvíst sé um umfang þess og þróun.“

Jafnframt eru sjókort á blaðsíðu 4 – 5 sem sýna staðsetningar eldissvæða.

c. lýsing á staðhátum við vinnslustað,

Lýsingar er finna á staðhátum og umhverfi á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði á blaðsíðu 2 – 8 í umsókn. Þar er fjallað um Reyðarfjörð og gerð grein fyrir stærð hans, dýpt, lífríki, veiðum, straumum, staðsetningu eldiskvía ásamt sjókortum frá Landhelgisgæslu Íslands sem sýna staðsetningar eldissvæða svo og siglingaleiðir í firðinum og fl. Einnig er fjallað um aðstöðu félagsins í byggð (bls 3).

Auk þess má finna upplýsingar um veðurfar (bls 20), ölduhæð (bls 20) á svæðinu.

d. upptalning á hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd,

Varðandi hráefni þá er á blaðsíðu 8 gerð grein fyrir eldislaxi sem ætlunin er að rækta, stærð hans við útsetningu, vexti og eldistíma. Fjallað er um fjölda seiða, þróun lífmassa og uppbyggingu hans á blaðsíðu 10.

Einnig kemur fram á að hefðbundið laxafóður verður notað. Önnur efni sem hugsanlega yrðu notuð eru lyf en á blaðsíðu 21 segir: „*Notkun efna og lyfja.* - Efni sem kunna að vera notuð við eldið eru þau lyf sem almennt tíðkast við laxeldi og viðurkennd eru af yfirvöldum.“

e. lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið,

Á blaðsíðu 9 er kveðið á um helstu losun frá starfseminni en það eru (köfnunarefni og fosfór). Einnig er gerð grein fyrir áhrifum þessarar losunar neðst á blaðsíðu 9 - 10 og kveðið á um að þau séu lítil og staðbundin.

f. lýsing á þeim mengunarförnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun,

Á blaðsíðu 10 er kveðið á um hvíld eldisvæða og tölustýrða fóðurgjöf sem eru helstu þættir til að draga úr losun efna.

g. lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið,

Á blaðsíðu 15 – 16 í kaflanum „Góðir starfshættir“ kemur fram að fylgst verður með nánasta umhverfi eldisstöðvar m.a. með sýnatöku. Einnig að lífrænn úrgangur s.s. dauður fiskur og vinnsluúrgangur skuli fluttur til eyðingar eða vinnslu. Jafnframt er gerð grein fyrir aðgerðum til að fyrirbyggja skaða á nót.

h. lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið,

Hér skal vísað til blaðsíðu 15 – 16 í kaflanum „Góðir starfshættir“.
Einnig verður notast við ISO staðla eins og gert er í Norsku fiskeldi.

i. lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á,

Eins og fram kemur á blaðsíðu 9 er helsta losun eldisins köfnunarefni og fosfór. Mesta losunin er vegna fóðurleyfa. Með tölustýrðri fóðurgjöf má lágmarka umframmagn af fóðri á svæðinu en það kemur fram á blaðsíðu 10 – 11. Um endurnýtingu úrgangs er ekki að ræða.

j. lýsing á tegund og magni úrgangs, þ.m.t. spilliefna,

Um þetta efni er fjallað á blaðsíðu 9 – 10 í kaflanum Næringarefnalosun tengd starfsemi. Þar er magn losunar tiltekið. Þar sem Laxar Fiskeldi ehf leggur áherslu á umhverfisvænt eldi verður ekki notast við umhverfispillandi efni s.s. koparlitun á nótum eins og fram kemur á blaðsíðu 16 í umsókn.

k. lýsing á öðrum ráðstöfunum sem gerðar verða, m.a. í samræmi við almenn skilyrði í 14. gr.

Þær ráðstafanir sem gerðar verða til að draga úr mengun vegna eldisins munu ekki valda aukinni mengun annars staðar. (14.1 gr.)

Í fyrirhugaðri framkvæmd Laxar Fiskeldi ehf er notkun efna sem talist geta hættuleg afar takmörkuð. Fiskeldi er eins og öll önnur matvöruframleiðsla háð því að ekki sé verið að nota efni sem setji eftir sig spor. Aldrei er unnið með það mikið magn af efnum að hætta gæti skapast fyrir umhverfið. Lyf som notuð eru í fiskeldi koma til vegna sjúkdóma eða sníkjudýra og er kveðið á um notkun þeirra af dýralækni.

Áhrifaríkasta aðferðin til að draga úr losun næringaefna frá starfsemi er að notast við tölvustýrðafóðurgjöf. Fóðurtap með þessari aðferð er aðeins um 2 % sem leiðir til umhverfissvænna eldis.

Lífrænn úrgangur svo sem dauður fiskur úr kvíunum skal urðunar og aðgangur vargfugls og annarra villtra dýra hindraður að úrgangi stöðvarinnar. Gengið verður frá honum í þetta lokaða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Gámar munu verða þrífir eftir notkun. Dauður fiskur mun verða greftraður á löggiltum greftrunarstað í samráði við UST. Framangreindar aðferðir sem munu draga úr mengun munu ekki valda aukinni mengun annars staðar.

Um þetta efni er fjallað á bls. 15-16 og jafnframt má sjá umfjöllun í kaflanum *Neyðaráætlun og mótvægisáðgerðir* á bls. 19.

10.3 Í umsókn samkvæmt 2. mgr. skal vera samantekt, sem er ekki á tæknimáli, um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Umsókn er stutt, á aðgengilegu ritmáli og nánast ekkert tæknimál. Hún er að meginu til útdráttur úr greinargerð sem send var Skipulagsstofnun vegna tilkynningar um matskyldu framkvæmdar árið 2011. Sú greinargerð er jafnframt fylgiskal með umsókn þessari.

10.4 Heimilt er að leggja fram fyrirliggjandi gögn sem unnin voru til að uppfylla ákvæði laga og reglugerða um mat á umhverfisáhrifum, reglugerða um hættumat í iðnaðarstarfsemi eða annarra viðeigandi reglna.

Meðfylgjandi með starfsleyfisumsókn fylgdi „Greinargerð með tilkynningu um fyrirhugaða 6.000 tonna laxeldisstöð Laxar ehf í sjókvíum í Reyðarfirði skv. 6. gr. laga 106/2000 svo og g – lið 1. töluliðs 2. viðauka sömu laga, svo og 10. gr. reglugerðar nr. 1123/2005“.

10.5[Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja eftirfarandi:

a. Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og ákvæði 3. gr. reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar. Um tryggingar fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar.

b. Áætlun um viðbrögð vegna bráðamengunar, byggða á áhættumati sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í b-lið viðauka I með lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og ákvæði reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda]4"

Starfsemi Laxar fiskeldi ehf fellur ekki undir a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004. Þar er hins vegar gert ráð fyrir „eldi sjávar- og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar“.¹

¹ Athugasemd Umhverfisstofnunar: Umsækjandi hefur óskað eftir því að umrædd sjónarmið um að ekki skuli tekin trygging vegna bráðamengunar séu ekki hluti af umsókninni að þessu sinni.

Staðsetningar fyrir fiskeldi Laxa fiskeldis ehf., uppsett skv. tilmælum Umhverfisstofnunar

A) Gripaldi

- 1) 65°00.576'N - 13°57.586'W
- 2) 65°00.982'N - 13°57.440'W
- 3) 65°00.882'N - 13°55.888'W
- 4) 65°00.670'N - 13°55.227'W
- 5) 65°00.562'N - 13°55.265'W

B) Sigmundarhús

- 6) 65°02.038'N - 13°54.496'W
- 7) 65°02.385'N - 13°53.942'W
- 8) 65°01.917'N - 13°52.149'W
- 9) 65°01.388'N - 13°53.014'W

C) Bjarg

- 10) 64°59.935'N - 13°49.701'W
- 11) 65°00.277'N - 13°48.868'W
- 12) 64°59.451'N - 13°47.831'W
- 13) 64°59.289'N - 13°48.225'W

